

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Síðumúla 24

108 Reykjavík

Reykjavík: 12. janúar 2024

Mál nr. 267/2023

Efni: Vegna áforma um lagasetningu um heildarendurskoðun framhaldsfræðslukerfisins og laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010 – FRN22060048.

Þegar lög um framhaldsfræðslu voru sett, árið 2010, fór mennta- og menningarmálaráðherra bæði með málefni framhaldsfræðslu og framhaldsskóla. Frá árinu 2022 hefur framhaldsfræðslan heyrt undir Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og afar mikilvægt er tryggja að þeim verkefnum sem tilheyra framhaldsfræðslunni og heyrðu undir Mennta- og barnamálaráðherra verði fundinn farvegur og að ábyrgð á verkefnunum, milli ráðuneyta, verði skýrð.

Iðan fræðslusetur hefur tekið til umsagnar áform um lagasetningu um heildarendurskoðun framhaldsfræðslukerfisins og laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010– FRN22060048. Eftirfarandi eru athugasemdir sem og spurningar okkar:

Í kafla A. Úrlausnarefni lið 3 er fjallað um:

„ ... eða hvaða kröfur þarf að uppfylla til að fá viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili og samhliða rétt til að sækja um fjármagn til að sinna kennslu, raunfærnimati og ráðgjöf“.

- Hingað til hefur það verið skýrt og hefur það hefur verið hlutverk Menntamálastofnunar að veita þessar viðurkenningar. Þegar ný stofnun tekur gildi er ekki ljóst hver mun taka við því hlutverki að veita viðurkenningu framhaldsfræðsluaðila. Mikilvægt er að því ferli verði fundinn staður í nýju kerfi þannig að sá ávinningur sem þegar hefur unnist haldist áfram með tilliti til notenda framhaldsfræðslunnar.
- Reglur Fræðslusjóðs eru skýrar þegar kemur að því að fá úthlutað fyrir fræðslu, raunfærnimati og ráðgjöf. Þeir fræðsluaðilar sem hlotið hafa viðurkenningu frá Menntamálastofnun geta sótt um fjármagn til Fræðslusjóðs fyrir námsleiðum FA, raunfærnimati og ráðgjöf.

Þörf er á hvoru tveggja; að endurskoða ýmis ákvæði í gildandi lögum, skerpa á ýmsum grundvallarhugtökum og markmiðum laganna sem eru óljós, og að útvíkka lög um framhaldsfræðslu þannig að í þeim verði ákvæði um íslenskukennslu fyrir innflytjendur eða nám fyrir fullorðna innflytjendur og skýr ákvæði um menntun fatlaðra fullorðinna einstaklinga.

- Er hlutverk laga að taka á svo einstökum verkefnum? Er ekki réttara að það sé útfært í reglugerð?

Í kafla E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar lið 3

Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei

- Þarf ekki að taka tillit til löggjafar um innflytjendamál og/eða fatlað fólk þar sem talað er um að leggja aukna áherslu á nám fyrir þá hópa innan nýrra laga?
- Það þarf að taka tillit til og samræma við lög um framhaldsskóla það sem snertir raunfærnimat?

Í kafla F. Um samráð lið 2 er fjallað um skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta

Nei

- Já við MRN. Hvað verður um eininga bært nám sem fer fram innan framhaldsfræðslukerfisins í dag? Ástæða er til að velta því fyrir sér hvort framhaldsfræðslan geti áfram sinnt því hlutverki að raunfærnimeta nám á framhaldsskólastigi undir Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu eða hvort hún þarf að vera undir eða verkefni framhaldsfræðslu vera unnin í samvinnu/samstarfi við Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Í kafla H. Næstu skref, innleiðing

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almeningur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Verði frumvarpið að lögum verður innleiðing með hefðbundnum hætti; með kynningu í þeim ráðuneytum sem koma að málaflokknum, kynningu fyrir þingflokkum stjórnarflokka sem og ríkisstjórn.

- Hér er ekki minnst á hagsmunaaðila né almenning.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Til dæmis aukning þátttakenda í framhaldsfræðslu, efling menntunarstigs á Íslandi og félagsvísar um virkni í námi.

- Með fjölgun þátttakenda og útvíkkun markhópa er raunhæft að það verði aukning í fjölda þátttakenda fyrir sama fjármagn?

Með kveðju,

Hildur Elín Vignir

Framkvæmdastjóri Iðunnar